

## 10. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 03.02 2015, kl. 13.30

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Málefni Hallormsstaðaskóla
3. Tilnefningar fulltrúa Fljótsdalshrepps í samráðsvettvang um sóknaráætlun fyrir Austurland 2015-2020
4. Endurvinnslukortið
5. Samstarf við Gunnarsstofnun um móttöku sjálfbóðaliða
6. Aðalfundur Ársala bs,
7. Málefni Vatnajökulsþjóðgarðs , fulltrúar frá Svæðisráði Austursvæðis mæta á fundinn kl. 14.30
8. Skipulagslýsing. Hengifoss
  - a) Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 22.01
  - b) Umsögn HAUST dags. 23.01, Minjastofnun dags. 29.01, Vegagerðin dags. 26.01
9. Landsskipulagsstefna
10. Ósk Reiknisskila-og upplýsinganefndar IRR, um umsögn sveitarfélaga, vegna endurskoðunar á reglugerðum, tölvupóstur 23.12 2014
11. Bréf
  - a) Þakkarbréf HSA vegna styrks til kaupa á Lucas hnoðbretti
  - b) Helgi Hallgrímsson dags. 16.01
  - c) Afrit af bréfi Helga Hallgrímssonar til biskups Íslands, dags. 22.01
  - d) Viðlagatrygging Íslands dags. 16.01
12. Fjárbeiðnir

Áhugamannahópur um fagjárningar, Brynhildur Óladóttir
13. Fundargerðir

Samtök orkusveitarfélaga 12.01
14. Önnur mál.

## 1. Skýrsla oddvita.

Oddviti sat kynningarfund um Landsskipulagsstefnu 2015-2026, á Egilsstöðum 27.janúar.

Starfstími óbyggðanefndar sem ljúka átti störfum á árinu 2014 hefur verið lengdur, þar sem enn er óhafin málsmeðferð á tveimur svæðum, annað þeirra er svæði 11 á Austfjörðum.

Haft var samband við Umhverfisstofnun til að benda á að skekkja væri í kortagrunni Náttúruminjaskrár hvað varðaði svæði NM 618 (Hengifossvæðið). Í svörum Umhverfisstofnunar kemur fram að lagalegt gildi umrædds grunns er ekki til staðar, kortin sýni einungis leiðbeinandi mörk og texti í Náttúruminjaskrá gildi, umfram kortagrunninn.

Tilkynnt hefur verið að landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015 sem halda átti 20. mars, hefur verið frestað til föstudagsins 10. apríl. Þingið verður haldið í Salnum í Kópavogsbæ. Gunnþórunn oddviti er landsþingsfulltrúi sveitarfélagsins og Lárus varaoddviti til vara.

Dýralæknastofan á Egilsstöðum vekur athygli á að frá og með 01.02 2015 er enginn dreifbýlissamningur um þjónustu og greiðslur fyrir vaktir eða bakvaktir, gildandi fyrir starfsfólk stofunnar.

Fjölmiðlavaktin býður Fljótsdalshreppi til kaups skýrslu sem inniheldur margvíslegar upplýsingar tengdar fréttamfjöllun ársins 2014.

R3 Ráðgjöf býður fram þjónustu sína varðandi ráðgjöf í sóknarfærum ferðapjónustu.

Consello ehf býður fram þjónustu sína á sviði ráðgjafar í tryggingarvernd.

## 2. Mállefni Hallormsstaðaskóla.

Sveitarstjórn og bæjarráð Fljótsdalshéraðs funduðu um skólamálefni, á Egilsstöðum 19.janúar sl. 28. janúar var svo haldinn fundur með starfsmönnum og forráðamönnum nemenda Hallormsstaðaskóla, þar sem kynnt var að sveitarfélögin hefðu í hyggju að leggja niður skólalald á Hallormsstað, frá og með næsta skólaári.

Hallormsstaðaskóli á farsæla sögu allt frá því skólinn var settur í fyrsta sinn í upphafi árs 1967. Á undanförunum árum hefur börnum í skólhverfi skólans stöðugt farið fækkandi og sum þeirra sækja skólavist í aðra skóla en sinn heimaskóla. Nemendur Hallormsstaðaskóla fylla á skólaárinu 2014-2015 aðeins einn tug. Þar sem ekki eru vísbendingar um breytingar á þessari þróun er það mat þeirra sem að skólanum standa, þ.e. sveitarfélaganna Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps, að ekki séu lengur forsendur fyrir að skólalaldi í Hallormsstaðaskóla verði haldið áfram og er lagt til að því verði hætt frá og með næsta skólaári. Sveitarstjórnirnar skipi sem fyrst starfshóp er fái það verkefni að vinna drög að nýjum samningi á milli sveitarfélaganna um samstarf í grunn-, leik- og tónlistaskólapjónustu. Jafnframt taki sveitarstjórnirnar afstöðu til þess hvernig skuli farið með þær eignir er hýst hafa skólastarf á Hallormsstað á umliðnum árum.

Í starfshópi sitji oddviti Fljótsdalshrepps, ásamt öðrum fulltrúa frá Fljótsdalshreppi og bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, ásamt öðrum fulltrúa frá Fljótsdalshéraði. Með starfshópnum starfi fræðslufulltrúi og starfsmaður eignasviðs Fljótsdalshéraðs. Stefnt verði að því að starfshópurinn taki sem fyrst til starfa og að drög að nýjum samningi milli sveitarfélaganna liggi fyrir eigi síðar en 1. mars 2015.

Samþykkt að oddviti og varaoddviti verði fulltrúar Fljótsdalshrepps í starfshópi sveitarfélaganna.

## 3. Tilnefningar fulltrúa Fljótsdalshrepps í samráðsvettvang um sóknaráætlun fyrir Austurland 2015-2020. Austurbrú, starfsmaður SSA, óskar eftir að Fljótsdalshreppur tilnefni 1 fulltrúa í

samráðshóp og tilnefni einnig í 6 málaflokka sérfræðihóp , sem Austurbrú velur svo aðila úr í sérfræðihóp fyrir samráðsvettvang.

Í samráðshópinn er Gunnþórunn Ingólfssdóttir tilnefnd sem fulltrúi Fljótsdalshrepps og Lárus Heiðarsson til vara.

Tilnefningar í sérfræðihópinn:

Atvinnulíf: Jóhann F. Þórhallsson

Menning: Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir

Nýsköpun/skapandi greinar: Bjarki Jónsson

Rannsóknir: Þorsteinn Pétursson

Menntun: Anna Bryndís Tryggvadóttir

- 4. Endurvinnslukortið.** Náttúran.is óskar eftir samstarfi við Fljótsdalshrepp um rekstur miðlægs gagnasafns og upplýsingaveitu um endurvinnslu og sorphirðu. Erindinu frestað þar til kannað hefur verið hvernig viðmótið fellur að heimasíðu sveitarfélagsins og hver verður þátttaka annarra sveitarfélaga á Austurlandi.
- 5. Samstarf við Gunnarstofnun um móttöku sjálfbóðaliða.** Samþykkt að standa að samstarfi við Gunnarstofnun um móttöku sjálfbóðaliða frá SEEDS nk sumar. Hámark áætlaðs kostnaður er 500 þús. Miðað er við að þeir starfi fyrir Fljótsdalshrepp í um hálfan mánuð og þá aðallega í ágústmánuði. Áætlaður kostnaður á að rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins.
- 6. Aðalfundur Ársala bs,** Boðað er til aðalfundar á Egilsstöðum 23.02.15. Lárus fer með umboð sveitarfélagsins á fundinum og til vara verður oddviti.

*Ruth Magnúsdóttir og Jóhann Fr. Þórhallsson komu til fundar kl 14.30*

- 7. Málafni Vatnajökulsþjóðgarðs , fulltrúar frá Svæðisráði Austursvæðis, Ruth Magnúsdóttir formaður svæðisráðs og Jóhann Þórhallsson fulltrúi Fljótsdalshrepps í svæðisráði.**

Ruth og Jóhann fóru yfir ýmis mál er varða rekstur og starfsemi þjóðgarðsins. Fram kom að gestum í þjóðgarðinum fjölgar , en framlög á fjárlögum fylgja ekki þeirri þróun. Í Snæfellsstofu komu um 13 þús gestir árið 2014. Þjóðgarðssvæði austurstæðis stækkaði um 670 km<sup>2</sup> ,þegar Kverkárrani og Krepputunga bættust við á árinu 2013. Fjármagn skortir til framkvæmda, en unnið er að deiliskipulagi fyrir nokkra staði og unnið hefur verið að bættu aðgengi með fræðslu , uppsetningu skilta og merkingu gönguleiða. Hugmyndir eru um að koma upp brú eða kláfi yfir Blöndu, en ekki líklegt að það verði á yfirstandandi ári vegna fjárskorts. Fulltrúar svæðisráðs óskaðu eftir að Fljótsdalshreppur komi að því að bæta slóða inn að Bergkvíslarkofa með því að láta lagfæra slæman bleytukafli á slóðinni. Fram kom að áhugi er á hjá þjóðgarðinum að starfrækt verði upplýsingarmiðstöð í Möðrudal. Fljótsdalshreppur hefur verið í samstarfi við Snæfellsstofu um viðveru landvarða við Hengifossá undanfarin sumur og þykir það samstarf hafa gefist vel.

*Gestir fundarins fóru af fundi kl. 15.20*

## 8. Skipulagslýsing. Hengifoss

- c) Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 22.01. Kynnt
- d) Umsögn HAUST dags. 23.01, Minjastofnun dags. 29.01, Vegagerðin dags. 26.01. Kynntar.

Umsagnirnar verða til úrvinnslu við gerð deiliskipulags fyrir Hengifossvæðið. Enn geta borist umsagnir og ábendingar þar sem frestur til skila á þeim er til 13. febrúar.

## 9. Landsskipulagsstefna.

Eftirfarandi bókun samþykkt og oddvita falið að koma á framfæri athugasemdum/ umsögn sveitarstjórnar við tillögu að Landsskipulagsstefnu :

Sveitarstjórn Fljótshrepps telur að í tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 felist að lagðar eru nokkrar kvaðir og kostnaður á sveitarfélög, jafnframt því að takmarka skipulagsvald þeirra. Mikilvægt er að tillagan verði kostnaðargreind og sveitarfélögum verði bættur kostnaður sem á þau leggst við samþykkt Landsskipulagsstefnu.

Í tillögu að Landsskipulagsstefnu er víða gengið út frá að til staðar verði grunngögn s.s. kortagrunnar yfir vegslóða, stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins, mælikvarðar settir á sviði fjarskiptamála fyrir skipulagsgerð, ný löggjöf verði sett um skipulagsmál- á haf og strandsvæðum, úrbætur verði gerðar í skráningu og miðlun upplýsinga um húsnæðismál, unnin verði og samræmd greining á vinnusóknar og þjónustusvæðum stærstu þéttbýlissvæða, leiðbeiningar liggja fyrir um flokkun landbúnaðarlands, mannvirki og þjónusta á hálandinu skráð , víðerni kortlögð o.sv.frv.

Áríðandi er að vinna við grunngögn hefjist þegar í stað , þannig að þau liggja að mestu fyrir þegar/ef Landsskipulagsstefna tekur gildi.

Í framsetningu á markmiðum vaðandi sjálfbæra byggð í dreifbýli (kafla 2.1.) og í kafla 3.1 Heildstætt búsetumynstur í jafnvægi í byggðapróun , virðast meginmarkmiðin vera að styðja og styrkja við þéttbýlisbyggð , að einhverju leyti á kostnað dreifbýlis. Sveitarstjórn Fljótshrepps mótmælir slíkri framsetningu og telur að hún geti stuðlað að hnignun byggðar í dreifbýli og horfa verði til þess í markmiðum Landsskipulagsstefnu að dreifbýlisbyggðir verði styrktar á eigin forsendum s.s. með nýting auðlinda í nærumhverfi og eflingu atvinnulífs í dreifbýli.

Skipulagsstofnun ber samkvæmt skipulagslögum að hafa hliðsjón af aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga við gerð landsskipulagsstefnu, skjalið sem inniheldur tillögu að landsskipulagsstefnu þarf að bera þess skýrar merki . Skýrari greinamun þarf að gera á stefnumarkandi tillögum sem geta haft áhrif við staðfestingu aðalskipulagstillagna sveitarfélaga og tillögum sem ber að líta á sem leiðarljós.

Varðandi skipulag á miðhálandi Íslands þarf að taka tillit til óbeins eignaréttar þeirra sem beitarrétt eiga á miðhálandinu á grundvelli úrskurða Óbyggðanefndar. Skýrt þarf að vera að áætlanir Landgræðslu ríkisins verði ekki bindandi fyrir sveitarfélög. Ekki er tekið undir að hverfisverndarákvæði verði nýtt til úrræða gegn ofbeit á svæðum a. m.k. ekki þar sem svæði eru ógirt.

**10. Ósk Reiknisskila-og upplýsinganefndar IRR, um umsögn sveitarfélaga, vegna endurskoðunar á reglugerðum, tölvupóstur 23.12 2014. Kynnt og ekki verður veitt umsögn.**

**11. Bréf**

- a) Þakkarbréf HSA vegna styrks til kaupa á Lucas hnoðbretti. Kynnt.
- b) Helgi Hallgrímsson dags. 16.01. Kynnt. Varðar Fljótsdælu hina nýju.
- c) Afrit af bréfi Helga Hallgrímssonar til biskups Íslands, dags. 22.01. Kynnt. Í bréfinu gagnrýnir Helgi úthlutun jarðarinnar Valþjófsstaður 1 og lýsir áhyggjum yfir að ekki verði stundaður búskapur á jörðinni.

*Samþykkt að taka á dagskrá afrit af bréfi Biskupsstofu til Helga Hallgrímssonar sem barst í dag og varðar lið 11.c).*

- d) Afrit af bréfi til Helga Hall frá Biskupsstofu dags. 30.01.2015. Kynnt. Svar til Helga þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfun jarðarinnar Valþjófsstaður 1.
- e) Viðlagatrygging Íslands dags. 16.01. Kynnt. Varðar skyldi opinberra aðila til að tryggja viðlagatryggingu ýmis mannvirki. Athugað verður hvað af ábendingum Viðlagatryggingar eigi við vegna mannvirkja í eigu Fljótsdalshrepps.

**12. Fjárbeiðnir**

Áhugamannahópur um fagjárningar, *Brynhildur Óladóttir*. Óskað er eftir styrk vegna járninganámskeiðs sem haldið var á Skriðuklaustri 30.01-01.02. Samþykkt að styrkja námskeiðshaldið um kr. 50 þús.

**13. Fundargerðir**

Samtök orkusveitarfélaga 12.01. Kynnt.

**14. Önnur mál.**

- a) Oddviti ræddi skipan fulltrúa Fljótsdalshrepps í nefnd um Ormsteiti. Komið hefur í ljós að stofnun félags um Ormsteiti/ Forskot sem samþykkt var að Fljótsdalshreppur tæki þátt í árið 2008, var ekki lokið þ.e. stofnun félagsins. Samþykkt að fresta að skipa fulltrúa og leita skýringa varðandi umrætt félag.
- b) Með bréfi dags. 02.02 2015 tilkynnir Vegagerðin þá fyrirætlan sína að fella afleggjara (Skriðuvegur nr. 9339-03) að Skriðu, að hluta af vegaskrá, þar sem þar sé ekki föst búseta. Niðurfellingu fylgir að frá og með næstu áramótum mun viðhald og þjónusta vegarins ekki vera lengur á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn mótmælir niðurfellingu vegarins af vegaskrá og bendir á að á Skriðu býr fólk að staðaldri og ekki er langt síðan föst lögheimilisfesta var þar til staðar og getur svo orðið aftur hvenær sem er. Óskilvirkt sé að hringla með umræddan afleggjara út og inn af vegaskrá, eftir því hvort þar er einhver skráður með fasta búsetu eða ekki.
- c) Námskeið fyrir sveitarstjórnarfólk sem fresta þurfti í haust vegna óveðurs, hefur aftur verið sett á dagskrá og verður haldið á Vonarlandi, Egilsstöðum, föstudaginn 20 febrúar, frá kl. 9-16.30. Skráning þátttakenda fer fram hjá Austurbrú.
- d) Eiríkur minnti á umræðu um nauðsyn þess að Búnaðarfélagið eignaðist húsnæði, eða hefði aðgang að aðstöðu til að geyma tækjakost félagsins.

- e) Vatnslögn frá Skriðuklaustri að Végarði virðist að hluta í sundur og veldur það álagi á brunndælu og vatnsveitukerfið. Fundinn er líklegur rofstaður og í undirbúningi að gera við lögnina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.00 Fundargerð er rituð í tölvu.

Fundarritari Þorvarður Ingimarsson

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)